

Aðalfundur Foreldrafélags Brekkubæjarskóla, fimmtudagur 7. Apríl 2022 kl. 17:30

Mættir voru meðlimir stjórnar, Elsa Lára Arnardóttir, aðstoðarskólalastjóri, og auk þess einn fundargestur.

Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf.

- **Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Fundarstjóri var kosin Elsa Lára Arnardóttir

Fundarritari var kosin Elfa Björk Sigurjónsdóttir

- **Skýrsla stjórnar**

Kristín Kötterheinrich fór yfir skýrslu stjórnar um núliðið starfsár ásamt því að tæpa á verkefnum framundan.

- **Lagabreytingar**

Lögð var fram tillaga um að stjórnarmönnum verði fækkað úr 7 í 5 aldrei skuli fleiri en 3 ganga úr stjórn í einu. Samhljóða samþykkt.

- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**

Ársreikningur var lagður fyrir fundinn og var samþykktur án athugasemda.

- **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga**

Skoðunarmenn reikninga verða sömu og áður.

- **Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði**

Skýrsla fulltrúa í skólaráði var lögð fyrir fundinn. Í skólaráði eru fulltrúar foreldra, kennara, nemenda, starfsmanna og grenndarsamfélags. Förum oft með erindi sem okkur hafa borist inn á þessa fundi. Skólareglur, skóladagatal o.s.frv. Heimili og skóli gefur út leiðbeiningar um skólaráð og stuðst hefur verið við þær leiðbeiningar.

- **Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins**

Erna Valentínusdóttir og Kristín Kötterheinrich hafa verið fulltrúar í skólaráði og gáfu kost á sér áfram. Ragnheiður Rún Gísladóttir til vara. Samhljóða samþykkt

- **Önnur mál**

Fundurinn var vissulega með nokkuð frjálsllegu sniði, þar sem svo fáir voru viðstaddir. Undir önnur mál fór fram umræða um mötuneytismál, bæði Brekkubæjarskóla og raunar stofnana bæjarins í heild. Varðandi þætti eins og hollustu, nýtingu og almenn rekstrarskilyrði.

Einnig var rætt um loftgæðamál. Eftir brunann í janúar mátti greina stórar breytingar á heilsufari nemenda. Rannsóknir á loftgæðum gáfu þó til kynna að þau ættu að vera í lagi. Rætt var um að senda áskorun eins mikið og kostur er og hvort e.t.v. væri tilefni til að gera nýtt loftgæðamat í öllu húsinu. Einnig rætt um ýmsa möguleika á öðru húsnæði og hvort leggja mætti til að kennarar stundi útikennslu í auknum mæli á meðan framkvæmdum er ekki lokið.